



Að nota grín gegn stríðni

Markmið: Þjálfar nemendur í þeirri færni að svara athugasemdum annarra á skemmtilegan og gagnlegan hátt. Verkefnið þjálfar nemendur í að nota kímni/grín gegn stríðni, átta sig á hvað er viðeigandi og hvað ekki til að stöðva neikvæðu samskiptin

Lýsing: Ræða á hvernig hægt er að nota grín til að losna undan neikvæðum aðstæðum. Gott er að spyrja nemendur hvernig það að segja brandara getur stundum hjálpað til og létt andrúmsloftið. Velta þarf einnig fyrir sér hvaða tegund gríns er ekki viðeigandi í aðstæðum þar sem stríðni á sér stað.

Nemendur íhuga hvað gerendur gera eða segja til að stríða öðrum. Þetta er gert í hópum og nemendur leika það sem gerendur gera eða teikna teiknimyndasögu eða skapa umræður.

Nemendur lýsa atburðum sem þeir hafa orðið vitni að. Nemendur reyna að finna eitthvað fyndið eða grín til að segja eða gera á móti til að létta andrúmsloftið án þess að móðga þann sem er að stríða öðrum.

Hvaða grín hefði verið hægt að nota við þessar aðstæður sem hefði stoppað gerandann og aukið líkur á að hann hætti að stríða. Bera á saman þau viðbrögð við önnur viðbrögð sem gætu haft neikvæð áhrif á aðstæður.

Dæmi um einelti-stríðni	Dæmi um grín sem hægt er að nota
1. Þú lítur út eins og geimvera með svona stór augu	Það er allt í lagi! Ég sé bara mun betur þannig.
2. Hvar fékkstu eiginlega þessa skrítnu skó?	Ég fékk þá í trúðabúðinni á Laugarveginum.
3. Þú ert loðnari en Górilla á fótum og höndum.	Bestu vinir mínir eiga einmitt heima í dýragarði.
4. Hárið þitt er svo ógeðslega skítugt.	Ég spara vatn með því að þvo það sjaldnar.

Í verkefnavinnunni er mikilvægt að taka fram að að sjálfsögðu á enginn að koma illa fram við aðra. En..... ef einhver verður fyrir stríðni eða neikvæðum athugasemdum þá geta sum svör eða viðbrögð hentað betur en önnur. Mikilvægt er því að velja líka fyrir sér viðbrögðum sem gætu haft neikvæðar afleiðingar.

Hvað ætti ekki að segja: (Bera saman við númer eineltisatburðarins hér að ofan)

1. Það er betra en að hafa augu eins og rotta, líkt og þú hefur.
2. Ég keypti þá í sömu búð og þú, Bónus!
3. Það er ekki eins slæmt og að hafa Górilla andlit eins og þú!
4. Ég vildi að þú myndir festast í sorapytti.

Þessi viðbrögð geta fallið í grýttan jarðveg hjá gerandanum og gert illt verra og jafnvel aukið stríðnina.

Kímni virkar betur en kaldhæðni eða reiði í svona tilfellum. Mikilvægt er að velja fyrir sér hvor viðkomandi geti tekið gríni eða hvort betra sér að hunsa neikvæðar athugasemdir viðkomandi. Ræða skal af hverju það er ekki viðeigandi að móðga gerandann. Hversu auðvelt er að fara yfir strikið í þeim efnum? Hvað getur gerst ef þú ferð yfir strikið í gríninu?